

# FRÉTTABLAÐ STÓRU- VOGASKÓLA

1. TÖLUBLAÐ. OKTÓBER 2019



Stóru-Vogaskóli  
Virðing - Vinátta - Velgengni



## VETRARFRÍ

Dagana 21.-25. okt. er  
vetrarfrí í  
Stóru-Vogaskóla.

## ENDURSKINS- MERKI Í MYRKRINU

Nú er myrkrið að skella á og  
því nauðsynlegt að muna  
eftir endurskinsmerkjum.

## SKÓLASTARFIÐ 2019-2020

Skólaárið 2019-20 byrjar vel og er mikil tilhlökkun í mínu hjarta. Ég er að byrja mitt annað ár sem skólastjóri og hef unnið við skólann í 6 ár. Það er mér mikill heiður og ánægja að starfa hér, ákveðin forréttindi, því Vogarnir eru mjög flott skólasamfélag. Hér ríkir mikill einhugur um að byggja upp öflugan skóla og styðja vel við hann. Ég er heppinn að fá að tilheyra þessum hóp.

## HOLLUR OG GÓÐUR MATUR

Hvetjið börnin til að borða  
holla og góða matinn sem  
eldaður er í skólanum.

Starfsfólk skólans hefur verið í óðaönn að undirbúa skólaárið og höfum við alltaf verið að gera eitthvað nýtt á hverju ári til að bæta skólastarfið. Má þar nefna að við erum búinn að breyta kennslu í verk- og listgreinum í unglingadeild. Kennum nú í lotum þar sem hver nemendi fær 8 vikna kennslu í ákveðnu efni sem kveðið er á um í aðalnámskrá. Við blöndum 8.-10. bekk saman og er það m.a. gert til að auka á félagsleg tengsl milli árganga. Í vetur er líka breytt fyrirkomulag í valgreinum í unglingadeild, nú geta nemendur valið mun fleiri og fjölbreyttari valgreinar.



## Ný heimanámsstefna

Nú hefur ný heimanámsstefna litið dagsins ljós, hefur hún verið unninn í samvinnu við sveitafélagið og foreldra. Hægt er að sjá [heimanámsstefnuna](#) á heimsíðu skólans.

Í heimanámsstefnunni kemur fram að ekki er heimanám í 1.-4. bekk en heimalestur að lágmarki 15 mín á dag hjá öllum. Mikilvægt að því sé sinnt vel. Þar sem heimanám er hluti af framhaldsnámi og það er okkar hlutverk að undirbúa nemendur undir framhaldsnám þá munum við byrja með heimanám í 5. bekk og upp í 10. bekk. Allir nemendur hafa kost á að klára heimanám sitt í skólanum, og eiga því ekki að þurfa að fara með það heim, nema þó að því sé ólokið.



- Yngsta stig (1.-4. bekkur) Eingöngu heimalestur, lágmark 15 mín á dag.
- Miðstig (5.-7. bekkur) 80 mín á viku auk heimalesturs, lágmark 15 mín á dag.
- Elsta stig (8.-10. bekkur) 160 mín á viku auk heimalesturs.



Ef nemendi þarf að vinna heimanám þá er það gert í samvinnu kennara og foreldra/forráðamanna.

Mjög mikilvægt er að nemendur séu duglegir að lesa heima og eiga allir að lesa heima að lágmarki 15 mín á dag.

Leggjum við mikla áherslu á gott samstarf við heimilin að þau sinni þessari þjálfun heima. Munu kennarar fylgja þessu mjög vel eftir. Stöndum saman og lesum saman á hverjum degi.

## Hollt og gott nesti

Stóru-Vogaskóli leggur áherslu á að nemendur hafi hollt og gott nesti með sér í skólann. Eftir að hafa borðað góðan morgunmat heima hjá sér er ágætt fyrir þau að hafa með sér ávaxtabita og grænmeti og láta það duga fram að hádegismat. Sumir þurfa þó eitthvað meira og þá er að sjálfsgöðu ekkert því til fyrirstöðu að koma t.d. með brauðmeti með hollu álegg.



Í skólanum er hægt að kaupa kalda mjólk, að heiman væri upplagt að taka með sér hreinan ávaxtasafa eða fá kalt og ferskt vatn hjá okkur, sem kostar ekkert☺. Nemendur hafa nokkrum sinnum lent í því að jógúrt og skyrdrykkir hafa sprungið í skólatöskum og hafa námsgögn þá eyðilagst, við vitum hve miklum leiða það veldur. Biðjum við ykkur því að sleppa því alveg að senda börnin með þessar mjólkurvörur í skólann. Þar fyrir utan eru sumar af þessum vörum mjög sætar. Það eru sífellt fleiri rannsóknir og sögur sem segja okkur hve mikil áhrif mataræði hefur bæði á líðan og hegðun. Góður svefn og gott mataræði er lykilatriði í góðri skólagöngu.



## Umferðamenning

Ganga eða hjóla í skólann.

Muna endurskinsmerki í myrkrinu.

Nú í upphafi skólaárs, í bæ fullum af börnum, hvet ég alla til að ganga í skólann. Við hvetjum ykkur til að nýta góða veðrið og ganga eða hjóla í skólann með börnum ykkar svo fækka megi bílum sem aka að skólanum á morgnana. Að vera börnum sínum góð fyrirmynd í umferðinni er öflugasta fræðslan ásamt því að kenna þeim um lög og reglur sem eru í gildi. Þeir sem aka börnum sínum í skólann skulu sýna mikla aðgát í kringum skólann og fara varlega. Nú eykst myrkrið með hverjum deginum, farið því mjög varlega og passið að börnin ykkar sé með endurskinsmerki og sjáist vel í myrkrinu.

Kær kveðja, Hálfán Þorsteinsson  
Skólastjóri Stóru-Vogaskóla

